

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt nr. 282/2004
um hundahald á Akranesi.

1. gr.

9. tölul. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier.
- b. Fila Brasileiro.
- c. Toso Inu.
- d. Dogo Argentino.
- e. Blendinga af ofangreindum tegundum.
- f. Blendinga af úlfum og hundum.
- g. Aðrar tegundir sem hættulegar eða óæskilegar eru að fenginni reynslu eða mati sérfróðra aðila.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu. Allan kostnað er til fellur vegna fæðis og auglýsinga skal eigandi greiða. Tilkynna skal strax eiganda um handsömun þeirra. Sé um handsömun á ómerktum hundi að ræða, skal strax auglýsa handsömun hans á tryggilegan hátt t.d. í útvarpi.

Hafi eigandi hunds eða eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur, skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt mýldur utan heimilis síns. Ef hundur telst hættulegur, getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða hundaþjálfara, sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 9. tölul. 2. gr. er heimilt að halda hund af þeirri tegund sem þar er tilgreind í þeim tilfellum sem leyfi hefur verið veitt fyrir gildistöku samþykktar þessarar.

4. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórn Akraness, 8. janúar 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.